


Staða á vinnumarkaði, horfur, afleiðingar og aðgerðir


Karl Sigurðsson, Vinnumálastofnun

Mars 2009


Atvinnuleysi 2008 - 2009




Atvinnuleysi síðustu mánuði meðal karla og kvenna




Dagleg þróun atvinnuleysis til 26. mars og áætluð þróun næsta mánuð




Hópuppsagnir sem koma til framkvæmda 2009



Atvinnuleysi árlegt og mánaðarlegt síðustu 10 ár



Líkleg þróun eftir atvinnugreinum



Helstu einkenni atvinnuleysis

- Kyn:
 - Mun meiri aukning meðal karla en kvenna; karla ríflega 9-falt, kvenna 5-falt frá septemberlokum
 - Aukningin hefur verið mun meiri meðal karla en kvenna allt fram í mars, er að jafnast.
 - Karlar eru nú um 64% atvinnulausra, konur um 36%.
 - Atvinnuleysi meðal karla komið um eða yfir 10%, yfir 7% meðal kvenna.
- Aldur:
 - Mun meiri aukning atvinnuleysis meðal þeirra yngstu (16-29 ára) til áramóta.
 - Mest aukning hjá fólki á miðjum aldri (30-49) í janúar og febrúar.
 - Mest aukning hjá þeim elstu (50 ára +) nú í mars.
 - Atvinnuleysi hlutfallslega mest meðal þeirra yngstu, milli 10 og 11%.


Helstu einkenni atvinnuleysis

- Búseta:
 - Aukning atvinnuleysis mjög hröð á Suðurnesjum í október og nóvember.
 - Jafnt og þétt á höfuðborgarsvæðinu og heldur að aukast aftur núna í mars
 - Aukist í norðvesturkjördæmi í mars – fremur hæg aukning á því svæði fram að því.
 - Atvinnuleysi á Suðurnesjum milli 14 og 15%. Yfir 9% á Norðurlandi eystra og á höfuðborgarsvæðinu.
- Ríkisborgararéttur:
 - Atvinnulausum Pólverjum fjölgaði mjög hratt í október og nóvember, og svo aftur í janúar.
 - Öðrum erlendum ríkisborgurum fjölgar jafnar, svipað og íslenskum ríkisborgurum.
 - Erlendir ríkisborgarar um 13% allra á skrá í lok febrúar.
 - Atvinnuleysi meira meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra, einkum Pólverja, erfitt að meta það – óljóst hver er heildarfjöldi erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði.


Helstu einkenni atvinnuleysis

- Atvinnugreinar – starfsstéttir - menntun
 - Hröðust aukning atvinnuleysis í flug- og flutningastarfsemi í október.
 - Jókst hratt í byggingariðnaði líka, mjög hröð aukning í nóvember og desember. Áfram mikil, en hægari á þessu ári.
 - Samhliða mikil aukning í sérfræðipjónustu og iðngreinum sem tengdust byggingariðnaði.
 - Aukning í verslun, útgáfustarfsemi og ýmsum þjónustustörfum í byrjun árs. Tiltölulega hæg samt í verslun.
 - Lítil aukning í opinberri þjónustu og fræðslustarfsemi
 - Iðnaðarmenn, bifreiðastjórar og stjórnendur vinnuvéla, verkafólk, sérfræðingar og fólk með stúdentspróf

Þróun langtímaatvinnuleysis – horfur næstu mánuði




Atvinnuleysistryggingasjóður – tekjur og útgjöld í milljónum kr.




Ábyrgðasjóður launa

Heildargreiðslur s.l. 6 ár, m.kr.




- 76% aukning frá fyrra ári.
- Fjöldi nýrra þrotabúa skráð hjá sjóðnum voru 30 talsins í desember og 35 í janúar.
- Áætlanir gera ráð fyrir 1.700 – 1.800 m.kr. í útgreiðslu á árinu 2009
- Í janúar voru heildargreiðslur um 129 m.k. og í febrúar 112 m.kr.


Atvinnuþátttaka – þróun eftir aldri



Búferlaflutningar



Efnahagssveiflur og fólksflutningar til og frá landinu



Fjöldi á skrá – fjöldi á hlutabótum – sjálfstætt starfandi á bótum

- Hluti atvinnulausra er á hlutabótum á móti hlutastarfi, hefur verið um 7% í gegnum tíðina
- Fólki á hlutabótum fer fjölgandi vegna nýrra laga sem rýmka reglur um minnkað starfshlutfall á móti bótum, var um 20% í lok febrúar og hefur hækkaði í mars.
- Sjálfstætt starfandi hafa heimild skv. nýjum lögum til atvinnuleysisbóta sýni þeir fram á verkefnaskort. Fjölgar líka jafnt og þétt, voru 7 í lok nóv, 240 í lok des., 640 í lok jan., 1.017 í lok feb.
- Marmiðið að viðhalda ráðningarsambandi og að fleiri séu á vinnumarkaði að einhverju leyti.

Aðgerðir Vinnumálastofnunar

- Námsúrræði: Námssamningar um styttra nám og starfstengt nám á atvinnuleysisbótum.
- Starfstengd úrræði – starfsþjálfun – reynsluráðning – frumkvöðlastarf – átaksverkefni – styttri námskeið s.s. vinnuvélapróf
- Styttri námskeið, innan stofnunar og aðkeypt
 - Sjálfsstyrking – tölvunámskeið – tungumál osfrv.
- Ráðgjöf og viðtöl – einstaklingar og hópar
- Vinnumiðlun – upplýsingar um starfsmöguleika annars staðar á landinu og erlendis ofl

Markmið vinnumarkaðsúrræða



- Viðhalda hæfni
- Endurmenntun – ný hæfni
- Endurhæfing
- Félagsleg virkni
- Sporna við langtímaatvinnuleysi
- Stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á landinu
 - Þ.m.t. að miðla störfum milli landa
- Samstarf við aðra mikilvægt